

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Framfarasjóð Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og fisk.

### 1. gr.

#### *Stofnaðild, varsla o.fl.*

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og fisk, hér eftir nefndur framfarasjóðurinn. Framfarasjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvörðun Geirlaugar Þorvaldsdóttur, kt. 131239-4679 og starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Framfarasjóðurinn er í vörslu Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ), Hvanneyri, Borgarbyggð. Heimili hans og varnarþing er í Borgarbyggð.

### 2. gr.

#### *Hlutverk og markmið sjóðsins.*

Markmið framfarasjóðsins og hlutverk er að styrkja nemendur LbhÍ til framhaldsmenntunar (nám til meistara- og doktorsgráðu) og til að styrkja rannsóknir nemenda á fagsviði LbhÍ.

### 3. gr.

#### *Stofnframlag sjóðsins og tekjur.*

Stofnfé sjóðsins eru þeir fjármunir Framfarasjóðs Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur sem Geirlaug ánafnaði sjóðnum, samtals 12.757.239 kr. í maí 2023. Stofnframlag framfarasjóðsins, verðbætt miðað við neyslúvísitölu skal ekki skert með úthlutunum.

Tekjur framfarasjóðsins eru vextir og verðbætur af stofnfé, svo og gjafir er sjóðnum kunna að berast.

### 4. gr.

#### *Stjórn sjóðsins.*

Stjórn framfarasjóðsins skal hverju sinni skipuð þremur mönnum og lýkur stjórnarstarfi hvers við tilnefningu annars í stað þess sem fyrir er. Skal rektor LbhÍ hverju sinni vera formaður stjórnar, stofnandi eða börn stofnanda tilnefna einn stjórnarmann og stjórn Landbúnaðarháskóla Íslands tilnefnir einn. Í þeim tilvikum að réttur til tilnefningar stjórnarmanns sé ekki nýttur, eins og hér er lýst, skal stjórn LbhÍ tilnefna þá stjórnarmenn sem upp á vantar að stjórn sé fullskipuð.

Stjórn framfarasjóðsins heldur fundargerðabók um starf sitt og skal afritum fundargerða skilað til stjórnar Landbúnaðarháskóla Íslands.

Stjórnin skal setja úthlutunarreglur og nánari starfsreglur um úthlutanir, s.s. einstakar styrk-fjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, allt í samræmi við skipulagsskrá þessa. Fjöldi styrkja sem veittur er árlega skal taka mið af því að styrkþega muni um fjárhæðina.

Reglur um úthlutun styrkja úr framfarasjóðnum skal endurskoða reglulega.

### 5. gr.

#### *Styrkveitingar úr sjóðnum.*

Stjórn framfarasjóðsins úthlutar styrkjum og skulu úthlutanir kynntar við skólaslit LbhÍ.

Fyrsta úthlutun úr framfarasjóðnum fer fram hið minnsta einu reikningsári eftir stofnun, enda liggi fyrir endurskoðuð reikningsskil og upplýsingar um laust fé til úthlutunar styrkja. Stjórn framfarasjóðsins getur ákveðið í ljósi ávöxtunar eða annarra aðstæðna að safna saman leyfilegri úthlutun milli reikningsára og úthluta í einu lagi lausum hlut samkvæmt reikningsskilum.

### 6. gr.

#### *Ávöxtun fjár og ársreikningar.*

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfa-fyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingastefna borin undir

stjórn til samþykktar fyrir fram. Heimilt er að úthluta styrkjum sem nema allt að raunávöxtun hvers reikningstímabils.

Reikningsár framfarasjóðsins er almanaksárið og hefst fyrsta reikningsár hans við stofnun. Stjórn skal ráða óháðan endurskoðanda/skoðunarmenn til að endurskoða reikningsskil sjóðsins.

7. gr.

*Skráning sjóðsins, breytingar á skipulagsskrá o.fl.*

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á skipulagsskrá sjóðsins ef þjóðfélagshættir eða aðstæður hafa breyst svo mjög frá því skipulagsskráin var staðfest að markmiðum hennar verður ekki náð að öðrum kosti. Slíkar breytingar skal eingöngu gera ef allir stjórnarmenn eru sammála þeim. Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Komi til þess að LbhÍ verði lagður niður eða að ríka nauðsyn beri til að leggja sjóðinn niður að mati stjórnarinnar og að fengnu samþykki ríkisendurskoðunar, skal hreinni eign sjóðsins varið til verkefna sem tengjast markmiðum sjóðsins.

8. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 31. maí 2023,*

**Björn Hrafnkelsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*